

Mál nr. 33/2017**M og
vátryggingafélagið V vegna slysátryggingar fjölskyldutryggingar.****Gildissvið slysátryggingar vegna slyss 13. mars 2016.****Gögn.**

Málskot málskotsaðila, dags. 2.2.2017, ásamt fylgiskjölum og bréfi dags. 15.2.2017.

Bréf V, dags. 14.2.2017.

Málsatvik.

M býr á sveitabæ og vísar til þess að eiginmaður hennar starfi þar við búrekstur. Í málinu liggur fyrir lýsing af atvikum slyss M þar sem hún var að ganga um í fjósi til að þrífa þegar ein kýrin dettur ofan á M með þeim afleiðingum að hún fótbrotnar.

M telur að slysátrygging fjölskyldutryggingar V nái yfir slys sitt þar sem hún starfi ekki við búreksturinn. M vísar til þess að hún sé óvinnufær vegna örorku og tekjur hennar séu fyrst og fremst bætur frá almannatryggingum vegna þess, auk þess sem skattframtöl hennar sýni að hún hafi ekki fengið laun fyrir bústörf á þeim tíma sem slysið varð. Þess vegna telur M að hún hafi orðið fyrir slysi í frítíma sínum.

V telur að lýsing M á atvikum feli í sér að hún hafi verið að stunda vinnu, bústörf, þegar hún slasaðist. V vísar til þess að störfin séu arðbær í þágu búins og atvinnuslysaþætta fylgi þeim, auk þess sem M hafi geta tryggt sig sérstaklega vegna slíkra starfa. V telur því að slysið falli ekki undir gildissvið vátryggingarskilmála, sbr. gr. 4.1 þeirra, en þar komi fram að vátryggingin nái eingöngu til slysa sem vátryggðir verða fyrir í frístundum, við heimilisstörf, skólanám eða almennar íþróttaiðkanir. Ekkert af þessu eigi við um aðstæður M og því eigi hún ekki rétt á bótum.

Álit.

Í 4. gr. vátryggingarskilmála sem gilda um þá slysátryggingu sem hér er til skoðunar segir að félagið greiðir bætur vegna slyss er vátryggður verður fyrir í frístundum, við heimilisstörf, skólanám eða almennar íþróttaiðkanir, ef það m.a. leiðir til varanlegrar læknisfræðilegrar örorku eða tímabundins missis starfsorku. Um er að ræða skilgreiningu á gildissviði vátryggingarinnar og hvílir sönnunarbyrði um að atvik eigi undir umrædda grein almennt á vátryggðum.

Þegar litið er til þess hvort M hafi slasast í frístundum eða við heimilisstörf verður að líta til þess að þegar M slasaðist var hún að þrífa fjós. Um er að ræða fjós sem er hluti af búrekstri eiginmanns hennar, en M fær ekki greidd laun úr búinu sérstaklega og telur að hún sé ekki starfsmaður búins. Það eitt getur þó ekki haft sjálfkrafa þau áhrif að M hafi slasast í frístundum sínum eða við heimilisstörf. Þegar litið er til þess að það sem M var að gera er almennt hluti af bústörfum við rekstur kúabúa verður ekki litið svo á að um hafi verið að ræða frístundir hennar eða heimilisstörf. Slys M fellur því ekki undir slysátryggingu í frítíma í fjölskyldutryggingu hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr slysátryggingu fjölskyldutryggingar hjá V.

Reykjavík, 14. mars 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.